

Leikskólinn Sólborg Ísafirði



Árskýrsla fyrir starfsárið
15.júlí 2019 – 3.júlí 2020.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
2. Skólahald.....	4
3. Niðurstöður – hvernig tókst til að vinna með starfsmarkmiðin.....	8
4. Niðurstöður- hvernig tókst til að vinna eftir starfsáætlun.....	9
5. Fjöldi barna og deilda.....	10
6. Fjöldi kennara, stöðugildi, forföll.....	10
7. Upplýsingar um keypta þjónustu.....	11
8. Upplýsingar um sjálfsmat.....	12
9. Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar á húsnæði, lóð.....	12
10. Upplýsingar um stórar fjárfestingar.....	13
11. Samstarf við aðrar stofnanir.....	14
12. Viðhald, breytingar og fjárfestingar.....	14
13. Hvernig tókst að halda í fjárhagsáætlun.....	14
14. Lokaorð.....	14

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta sem var á döfinni í leikskólanum Sólborg skólaárið 2019–2020, hvernig gekk að fylgja áætlunum og markmiðum eftir.

2. Skólahald

Nýtt skólaár byrjaði á miðju sumri eða 15.júlí þegar leikskólinn opnaði aftur eftir þriggja vikna sumarleyfi. Hluti nemenda og kennara fór í leyfi viku fyrir sumarleyfi og hluti viku eftir sumarleyfi þar sem allir nemendur þurfa samkvæmt reglum að taka fjögurra vikna sumarleyfi samfellt. Það gerði það að verkum að vikuna fyrir og eftir sumarlokun var leikskólinn ekki í fullri nýtingu og má því segja að með þessu fyrirkomulagi standi sumarleyfi yfir í fimm vikur. Bæði það að sumarlokunin var svona snemma og er ekki samfellt fyrir alla í fjórar vikur gerði það að verkum að aðlögun og flutningur á milli deilda hófst seinna.

Nemendur frá Eyrarskjóli byrjuðu á Tanga 22. júlí, á undan nemendum frá okkur á Torfnnesinu vegna framkvæmda þar. Það var ekki meira rými á Tanga til að taka líka við okkar nemendum þar sem margir eldri nemendur sem voru fyrir á Tanga mættu aftur eftir sumarleyfi þar sem það var svo snemma þetta árið. Elstu nemendur okkar hættu á Tanga 9. ágúst þegar foreldrar sem á þurftu að halda gátu nýtt Dægradvöl sem opnaði fyrr eða 12. ágúst fyrir væntanlega fyrstu bekkingi. Nemendur okkar frá Torfnnesinu byrjuðu síðan á Tanga 12. ágúst.

Þessi tilhögun þ.e. að blanda eldri og nýjum nemendum saman á Tanga, og að hluti nýrra nemenda byrji fyrr og hin seinna er ekki til eftirbreytni en gerð í ljósi aðstæðna. Það er alltaf best að allir geti byrjað á sama tíma á nýjum stað.

Strax eftir flutning nemenda á Tanga tók við undirbúningur og flutningur nemenda og starfsmanna á milli deilda á Torfnnesinu. Aðlögun nýrra nemenda hóst 19.ágúst og var tekið inn í þremur áföngum og byrjaði síðasti hópurinn 1.október.

Skólaárið fór nokkuð vel af stað þó skammtíma og langtíma veikindi hafi sett svip sinn á starfið, þó sérstaklega eftir áramót og fram á sumarið. Veður og erfiðar samgöngur frá desember hafði einnig áhrif og þurfti óvenju oft að setja inn upplýsingar snemma morguns til foreldra og starfsmanna vegna þess. Leikskólanum var aldrei vegna veðurs þó suma daga hafi verið fámennt.

Afleiðingar vegna Covid-19 lagði allt fyrirfram ákveðið skólahald niður um tíma. 16. mars sl. sem leikskólanum lokað vegna starfsmannafundar frá 8.00-11.00 til að fara yfir til hvaða

aðgerða leikskólinn þurftu að grípa strax vegna þessa óvenjulega ástands sem upp var komið í samfélaginu. Fyrstu aðgerðir sem gerðar voru til að uppfylla ákvarðanir sóttvarnarlæknis með því aðskilja hópa sem mest hér á Torfnesi dugðu ekki til sökum plássleysis. Það þurfti því að grípa til þess ráðs að nemendum og kennurum var skipt upp í tvo hópa sem mættu annan hvern dag í leikskólann frá 19.mars, kl. 7.45-15.30 og kl. 8.00-15.45. Opnunartíminn var skertur í lok dag svo hægt væri að sótthreinsa álagsfleti og leikföng.

Á Tanga var nemendur og kennurum skipt upp í fjóra hópa en þar gátu allir mætt alla daga þar sem nægjanlegt rými var þar fyrir alla. Vistunartími nemenda dag hvern var skertur með sama hætti og á Torfneginu.

2. apríl var leikskólanum alveg lokað að tilmælum sóttvarnarlæknis v. hópsýkingar á Ísafirði og í Bolungarvík, nema fyrir forgangshópa. Foreldrar í skilgreindum framlínustöfum þurftu að sækja um sérstaklegan forgang á leikskóladvöl fyrir barn sitt í hverri viku og skipuleggja þurfti hvað starfsmenn mættu hverju sinni. Sumir starfsmenn voru alveg heima á meðan þetta ástand varaði sökum undirliggjandi sjúkdóma. 4. maí opnaði leikskólinn aftur en með sama hætti og var áður þ.e. annan hvern dag, en Tangi opnaði alla daga en með sama skerta tímanum og var áður. 11. maí opnaði svo leikskólinn aftur með óskerta starfssemi en áfram er gætt hreinlætis og að sótthreinsa álagsfleti.

Allt skólastarfið á vor- og sumarönn litaðist af afleiðingum Covid-19. Það voru allir að læra að fóta sig í mjög erfiðum aðstæðum og óvissu um hvað yrði frá degi til dags. Ótti, hræðsla og óöryggi greip um sig bæði hjá starfsmönnum og foreldrum, sem eðlilegt er í þessum óvenjulegu aðstæðum sem vonandi koma aldrei upp aftur. Við erum reynslunni ríkari og nýtum hana til góðs þegar horft er til framtíðar s.s. varðandi fjölda barna pr. leikrými, almennt hreinlæti og sóttvarnir.

Þegar horft er til baka var mikill styrkur að upplifa þessa miklu samstöðu, góða samstarf og skilning bæði hjá foreldrum, samstarfsfólki í leikskólanum og hjá Ísafjarðarbæ í gegnum þennan erfiða tíma. Það lögðust allir á eitt til að láta alla hluti ganga upp og var það ómetanlegt.

Leikskólinn byrjaði 1. september sl. með tilraunaverkefni til reynslu í eitt ár með vinnustyttingu, 3 klst á viku miðað við 100% starf. Við viðuðum að okkur reynslu annarra leikskóla sem höfðu prófað þetta, gerðum vinnureglur um verkefnið. Undirrituð tók alla starfsmenn í starfsmanna-viðtal í maí og júní sl. þar sem m.a. reynslan af þessu verkefni var rædd. Niðurstöður voru þær að það var mikil almenn ánægja með vinnustyttinguna. Allt skrepp á vinnutíma var að mest öllu leiti úr sögunni, starfsmenn voru að nýta vinnustyttinguna til slíks og margs annars s.s. að fara í

lit og klippingu, til læknis, í sjúkrahjálfun, slökun heima, annað. Þetta fyrirkomulag mun halda áfram næsta skólaár.

Leikskólinn hefur verið með fastar hefðir í skólahaldi. Þær voru :

- Á föstudögum er skipulagðar gleðistundir í leikskólanum. Nemendur og kennarar koma þá saman og njóta ýmiskonar uppákoma eins og t.d. lestur, framsögn, söng eða stuttur leikþáttur bæði frá nemendum og kennurum. Deildarnar og stjórnendur skiptast á að stjórna gleðistundum. Á Tanga eru fjörugir föstudagar þar sem alls kyns fjör er í boði s.s. dansiball. Síðasta föstudag í hverjum mánuð er veisla fyrir þau sem eiga afmæli þann mánuðinn á Tanga.
- Á Tanga eru alltaf morgunfundir alla daga kl.9.00 þar sem farið er yfir það sem er framundan, málefni rædd sem upp koma hverju sinni.
- 5 ára nemendur á Tanga fara til skiptis sitt hvora vikuna í íþróttahúsið við Austurveg og í jóga í salnum á Tanga.
- 5 ára nemendur fara í Tónlistarskólann 2x í viku, átta vikur í senn á haust- og vorönn.
- 11.október var náttfataball.
- 15.nóvember var haldið upp á dag ísl.tungu.
- Frá miðjum desember er sokkastund sem er jólahefð í leikskólanum. Þá er kíkt í sokk sem jólasveininn kom með kvöldið áður og lesið þau skilaboð sem leynist í sokknum eins og t.d. óskalög jólasveinsins, sögur af jólasveinunum og fjölskyldu þeirra. Deildirnar skiptast á að skipuleggja þessar stundir. Reynt er að hafa sokkastundirnar jafn margar og jólasveinarnir eru.
- 18.desember var jólastund Sólborgar. Sögð var jólasaga og jólasveinar komu í heim-sókn, boðið var upp á jólamat.
- 17.janúar var haldið upp á 3 ára afmæli 5 ára deildarinnar Tanga sem er 19.janúar.
- 24.janúar var haldið Þorrablót.
- 31.janúar var haldið upp á 22 ára afmæli Sólborgar sem er 1.febrúar.
- 6. febrúar var haldið upp á dag leikskólans með frumsýningu á myndbandi sem við létum gera af útinámi leikskólans.

- 24.febrúar var maskaball. Boðið upp á bolludagsbollur, auk þess sem kötturinn var sleginn úr tunnunni.
- 26.febrúar var leiksyningin um Iðunni og eplið í boði Kómedíuleikhússins.
- Eftir þetta er öllum hópviðburðum hætt vegna Covid-19 um tíma og gert með breyttum hætti þegar það varð aftur leyfilegt.
- 16.júní var sólarganga en með breyttu sniði. Nemendur og kennarar á Torfnésinu fóru saman í skrúðgöngu og nemendur og kennarar á Tanga fóru saman.
- 30.júní var útskrift á Tanga, í Hömrum. Foreldrum var boðið í útskriftina en fóru að henni lokinni. Nemendur og kennarar héldu veislu saman, án foreldra þetta árið.

3. Niðurstöður – hvernig tókst til að vinna með starfsmarkmiðin

Ákveðið var á starfsmannafundi í ágúst 2019 að vinna að eftirfarandi starfsmarkmiðum skólaárið 2019 – 2020 :

1. Fjölmening
2. Jákvæður agi
3. Gæðagreinar

1. **Fjölmening:** Við ætlum að útbúa áætlun um það hvernig við tökum betur á móti börnum og foreldrum þeirra sem byrja hjá okkur og hafa annað móðurmál en íslensku. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri ásamt deildarstjórum vinna að áætlun um hvernig það verður gert og leggja hana fyrir alla starfsmenn á starfsmannafundi 1. apríl 2020.

Niðurstöður – hvernig tókst til : Þetta starfsmarkmið gekk upp en hefur tafist vegna áhrifa Covid- 19 en verður lagt endanlega fyrir alla starfsmenn til samþykktar á starfsdegi 03.09.2020.

2. **Jákvæður agi :** Við ætlum að innleiða betur stefnuna okkar um jákvæðan aga þannig að í lok skólaárs 2020 séum við komin vel af stað með verkefnið á öllum deildum. Fræðsla verður og upprifjun um jákvæðan aga á starfsdegi 4.október. Deildarstjórar, sérkennslustjóri ásamt aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra sjá um innleiðinguna og fara reglulega yfir á starfsmannafundum í vetur.

Niðurstöður – hvernig tókst til : Þetta starfsmarkmið gekk ekki upp að öðru leiti en því að starfsmenn fengu fræðslu í upphafi skólaárs. Ástæður þess eru Covid-19 og langtímaveikindi. Þetta verður starfsmarkmið næsta skólaár.

- 3. Gæðagreinar:** Á námskeiðsdegi 5. September 2019 fáum við fræðslu um gæðagreininirinn *Hversu góður er leikskólinn okkar* sem er skosk matsaðferð sem starfsmenn Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddu. Matskerfið á að hjálpa starfsfólki leikskóla að meta gæði uppeldis- og menntastarfsins, samskipta starfsfólks, foreldrasamstarfs og stjórnunar.

Niðurstöður – hvernig tókst til : Það tókst að fylgja þessu starfsmarkmiði eftir. Við tókum fyrir Reggiostarfið okkar í leikskólanum og hver deild skoðaði hvað hún er að gera vel og hvað má bæta, sett var upp umbótaáætlun um sem deildarstjórar og stjórnendur fylgja eftir.

4. Niðurstöður- hvernig tókst til að vinna eftir starfsáætlun

Stefna leikskólans er að vinna út frá hugmyndafræði Reggio Emilia. Það er okkar leiðarljós í öllu okkar starfi allan daginn, alla daga. Við dýpkum okkur í ákveðnum efni/þema sem við vinnum síðan með í minni hópum út frá aldri og þroska barnahópsins hverju sinni. Þema ársins 2019–2020 var umhverfið og gekk vel að fylgja því eftir fram að afleyðingum vegna Covid-19. Til að fylgja því eftir sem ákveðið er hverju sinni skiptir miklu máli að starfsfólk sé upplýst, fái tíma til undirbúnings og fræðslu s.s. á starfsdögum og námskeiðsdögum.

Í leikskólanum Sólborg starfar jákvætt og gott starfsfólk sem vinnur sína vinnu vel. Það sem einkennir skólann og hefur gert er einstaklega góður starfsandi sem hefur mikið að segja varðandi almenna vellíðan sem skilar sér í góðu starfi, ánægðum nemendum og foreldrum. Það sem hafði mikil áhrif á starfið okkar og það að geta fylgt eftir bæði starfsmarkmiðum og starfsáætlun var eins og fram hefur komið hér að ofan áhrif vegna Covid-19.

5. Fjöldi barna og deilda

Á Sólborg eru fimm deildir. Á tveimur yngri deildunum Bót og Dokku er pláss fyrir 14-16 nemendur. Á Naust og Krók er pláss fyrir 20-22 börn. Á Tanga er pláss fyrir 42 börn. Fjöldi barna á deild fer eftir aldri og samsetningu hópsins.

Skólaárið 2019 – 2020 var fjöldi barna á deildum eftirfarandi:

Á Bót voru 15 nemendur í árgangi 2018.

Á Dokku voru 16 nemendur.13 í árgangi 2017 og 3 í árgangi 2018.

Á Nausti voru 22 nemendur í árgangi 2015.

Á Króki voru 18 nemendur.8 í árgangi 2016 og 10 í árgangi 2017.

Á Tanga voru 26 nemendur í árgangi 2014.

6. Fjöldi kennara, stöðugildi, forföll

1. júní 2020 störfuðu 34 starfsmenn við leikskólann í 28,65 stöðugildum. Í þessum fjölda eru þrír starfsmenn sem starfa við ræstingu, sem er ekki inn í stöðugildunum.

7. Upplýsingar um keypta þjónustu

Keyptur var matur frá mötuneyti grunnskólans á Ísafirði fyrir nemendur á Tanga þegar skólinn var opinn. Í jóla-, páska- og sumarleyfi eldaði matráður Sólborgar fyrir 5 ára deildina.

Tvær vikur í ágúst 2019 og 2020 eldaði matráður Sólborgar bæði fyrir Tanga og fyrir Dægradvöl, auk Sólborgar á Torfnesi.

8. Upplýsingar um sjálfsmat

Deildarstjórar, sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri gera skýrslu um starfið fyrir hvern mánuð fyrir sig og munu skila inn til leikskólastjóra í ágúst.

Foreldrar og allt starfsfólk svarar könnun sem kemur frá Skólapúlsinum annað hvert ár.

Foreldrakönnun Skólapúlsins var farin af stað þegar afleyðingar Covid-19 kom að fullu þunga.

Þá var hætt þátttöku þar sem vitað var að ekki kæmu marktækar niðurstöður í ljósi ástandsins.

9. Upplýsingar um nauðsynlegar breytingar á húsnæði, lóð.

Eins og fram hefur komið í mörgum fyrri ársskýrslum er margt komið á tíma varðandi viðhald í þessum skóla, ekkert verið gert undanfarin ár nema nauðsynlegt viðhald.

Það sem þarf að gera :

- Mála allt húsnæðið að innan, láta hita í gólf þar sem mikill gólfkuldi er hér, skipta um dúka.
- Skipta út öllum fatahólfum barnanna því þau eru orðin léleg og þurfa mikið viðhald.
- Fá nýjan upphitaðan skúr á lóðina fyrir útileikföng, annað, í réttri lofthæð fyrir kennara.
- Laga aðkomu að skólanum til að tryggja öryggi barna.
- Útbúa skjól fyrir kerrur, þotur, hjól, sem foreldrar/starfsmenn þurfa að geyma úti þar sem ekki er pláss inni. Mikilvægt í ljósi þess að við erum nú að taka inn fleiri yngri börn með tilkomu Tanga. Einnig erum við Heilsuefandi leikskóli og samfélag og hvetjum alla til að hreyfa sig í/úr vinnu.
- Yfirfara þarf leiktæki og öryggisvarnir á lóð. Lagfæra öryggismottur í kringum kastalann, undir rólum. Athuga þarf með dren á lóðinni, sérstaklega þar sem gamla tónlistaskólaláttan er. Hæðarpunktur á ristum á frárennslisrörum/ræsum standa upp úr þannig að vatn rennur ekki niður um þau, einnig eru frárennslisrör/ræsi í jörðu meira og minna stífluð.
- Fara þarf yfir allar útihurðir og viðarverja, þétta og/eða skipa út fyrir nýjar.
- Fundarherbergi. Þegar það eru fundir s.s. deildar- og/eða deildarstjórafundir og eða sérfræðingar að koma vegna einstakra barna, þegar það eru foreldrasamtöl þá vantar pláss til þess. Til að mæta þessu hefur leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri þurft að lána vinnuástöðuna sína. Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri deila sama rými sem einnig er nýtt er í sérkennslu og til funda, og fyrir sérfræðinga s.s. vegna talkennslu og er það óviðunandi.
- Sal – fjölnotarými. Það þarf sal við leikskólann til að geta verið öll saman þegar það eru sérstakar uppákomur, og til vera með hreyfistundir og jóga í, starfsmannafundi, foreldrafundi, námskeið, annað.
- Léleg hljóðvist hefur frá upphafi verið mikið vandamál í þessum leikskóla. Það hefur verið reynt að laga það með m.a. plötum á veggum og mottum, en það dugur ekki til. Hljóð berst mjög auðveldlega milli herbergja og milli deilda. Það vantar alla fellilista undir hurðir til að draga úr hávaða. Þá kemur mikill hávaði sem berst um allt frá eldhúsi sem er í miðrymi. Fataklefi með stórum glugga með einföldu gleri í liggur að kaffistofu og

er oft lítið næði í hvíldartíma starfsmanna. Einnig er fataklefi með stórum glugga með einföldu gleri í sem liggur að sérkennsluherbergi sem er líka nýtt sem margnota rými og skrifstofur fyrir sérkennslustjóra og aðstoðarskólastjóra. Í öllum starfsmannaviðtölum sem undirrituð hefur tekið einu sinni á ári síðan 2006 hefur komið fram kvörtun vegna lélegrar hljóðvistar. Þá er vitað að mikill hávaði í langan tíma er heilsuspillandi. Því er mjög brýnt að farið verði að vinna að úrbótum hið fyrsta.

Arkitekt skólans var fenginn í vinnu og til samráðs 2017 til að hanna milliveggi milli deilda í opna rýminu fyrir framan deildarnar til að bæta hljóðvist. Einnig til að bæta starfsmannaaðstöðu á lofti. Það var von mín að byrjað yrði á framkvæmdum haustið 2019 en af því hefur ekki orðið enn, en það stýttist vonandi í að það geti hafist.

10. Upplýsingar um stórar fjárfestingar

Eins og fram hefur komið í lið níu hér að ofan er margt sem þarf að gera varðandi húsnæðið. Varðandi innanstokksmuni þá þarf að skipta þarf út skrifborðum og hafa þau hækkanleg, endurnýja þarf skrifborðsstóla, bæta við ungbarnastólum, endurnýja borð á deildum, kaupa skilrúm, sófa, fjölga fartölvum, fleiri mottur vegna gólfkulda. Einnig vantar stóra iðnaðarhrærivél í eldhús. Þá þarf fara yfir leikaðstöðu úti fyrir nemendur á Tanga og setja upp sandkassa,annað á lóð Tónlistarskólans,

11. Samstarf við aðrar stofnanir

Við höfum átt gott samstarf við grunnskólann, tónlistarskólann, bókasafnið, íþróttahúsið auk annarra þjónustustofnana hér á Ísafirði. Það hefur verið gott samstarf á milli leikskólanna í Ísafjarðarbæ og í Bolungarvík.

12. Viðhald, breytingar og fjárfestingar

Það hefur lítið verið um framkvæmdir nema nauðsynlegt viðhald.

13. Hvernig tókst að halda í fjárhagsáætlun

Það tókst ágætlega. Það er stundum erfitt að áætla einstaka liði því ef hlutir taka upp á því að bila getur verið mjög dýrt að gera við þá því öll útseld vinna er mjög dýr. Það að hafa ekki aðgang að húsverði þýðir meiri kostnaður við hin ýmsu viðhaldsverk. Þá er mjög kostnaðarsamt að skipta um perur því það er svo hátt til lofts og þörf á iðnaðarmanni í verkið.

14. Lokaorð

Þetta skólaár var mjög óvenjulegt og koma þar áhrifin á skólastarfið vegna Covid-19 faraldursins mest við sögu. Það tókst með samstilltu átaki, mikilli og góðri samvinnu allra sem að komu að leysa það stóra og flókna verkefni farsælega og ber að þakka það sérstaklega. Við munum nota þá reynslu sem við fengum í þessu stóra verkefni til að læra af og vanda okkur inn í framtíðina með velferð allra að leiðarljósi.

Það hefur margt gott verið gert í leikskólamállum hjá Ísafjarðarbæ sem vakið hefur athygli á landsvísu sbr. tillögur leikskólanefndar sem samþykktar voru og skilar sér í betra skólastarfi og bættu starfsumhverfi fyrir bæði nemendur og starfsfólk. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og skipta fyrstu árin í lífi barns miklu upp á áframhaldandi nám. Því er mikilvægt að byggja á góðum grunni strax í upphafi og skapa allar aðstæður sem bestar til þess, með góðum aðbúnaði og vel menntuðu kennurum.

Vinnustyttingin tókst vel til og verður áfram í boði, öllum til mikillar ánægju. Gott starfsumhverfi og skilningur yfirvalda á því mikilvæga starfi sem fram fer í leikskólanum skilar sér í ánægðu starfsfólki sem sinnir starfi sínu af alúð.

Nýju skólaári fylgja ný verkefni og nýjar áskoranir. Eitt af því er stilla saman góðum og öflugum starfsmannahóp sem er tilbúinn að fylgja eftir starfi og stefnu leikskólans með gleði og góðu samstarfi við allt og alla að leiðarljósi.

Ísafirði 14.08.2020,

Helga Björk Jóhannsdóttir leikskólastjóri.

